

## 6. grein.

102

- a) Í sjerhverjum hreppi í Ísafjardarsýslu og Ísafjardarkaupstað sje skipuð 3 manna nefnd; kýs hreppsnefndin eða bæjarstjórnin einn þeirra úr sínum flokki, og skal hann vera oddviti nefndarinnar, en hinir tveir skulu vera formenn, og gengst oddvitinn fyrir því, að formenn þeir, sem uppsátur hafa í hreppnum, sjálfir kjósi þá úr sínum flokki í byrjun hverrar vertíðar. Vanræki hlutaðeigendur að mæta á fundi þeim, er boðaður verður í því skyni af hreppsnefndaroddvita og bæjarstjórn, skal hreppsnefndin og bæjarstjórnin hafa vald til að skipa menn til starfa þeirra, sem enginn má skorast undan án gildra orsaka, sem hreppsnefndir og bæjarstjórn eru einar bærar um að meta. Skal nefnd þessi hafa nákvæmar gætur á því, að því, sem tekið er fram í samþykkt þessari, sje fyllilega hlýtt. Verðiein hver uppvis að því eða nefndinni þykir líklegt, að einhver hafi brotið móti samþykktinni, tilkynnir hún það hlutaðeigandi yfirvaldi.
- b) Brjóti nokkur móti samþykkt þessari, nema líf liggi við, varðar það sektum frá 10—100 króna eptir málavöxtum. Svo má og gjöra afla upptækan, ef miklar sakir eru. Helmingur sekta til falli fátækra sjóði viðkomandi hrepps, hinn helmingurinn gæzlunefndinni og uppljóstrarmanni.

## 7. grein.

Samþykkt um fiskiveiðar á opnum skipum frá 15. nóvbr. 1884 skal úr gildi felld.

\*

\*

\*

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni til þess að öðlast gildi hinn 1. janúar 1888, og er samþykkt fyrir Ísafjardarsýslu og Ísafjardarkaupstað um fiskiveiðar á opnum skipum, staðfest af amtmanninum yfir vesturamtinu 15. nóvbr. 1884, frá sama tíma úr gildi numin.

Þetta kunngjörust öllum, er hlut eiga að máli til eptirbreytni.

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 11. oktbr. 1887.

*E. Th. Jónassen.*

## Ákvörðun

103

um, að samþykkt fyrir Ísafjardarsýslu og Ísafjardarkaupstað um hákarlaveiðar á opnum skipum, dags. 16. ágúst 1879, skuli úr gildi numin. 11. okt.

Sýslunefndin í Ísafjardarsýslu hefur með lögákveðinni hlutdeild af hálfu bæjarstjórnarinnar í Ísafjardarkaupstað samkvæmt lögum 14. desember 1877 um ýmisleg atviki, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, ákvarðað, að samþykkt fyrir Ísafjardarsýslu og Ísafjardarkaupstað, um hákarlaveiðar á opnum skipum, dagsett 16. ágúst 1879, skuli úr gildi numin.

\*

\*

\*

Greind ákvörðun sýslunefndar Ísafjardarsýslu er hjer með staðfest, og kunngjörust öllum hlutaðeigendum.

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 11. oktbr. 1887.

*E. Th. Jónassen.*